

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Miðhúsavegi
600 Akureyri

15. janúar 2018
UST201711-230/S.K.
08.08.02

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 8. desember sl. þar sem Umhverfisstofnun áformaði að áminna Malbikunarstöð Akureyrarbæjar vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 22. september sl. Stofnunin veitti frest til 3. janúar sl. til þess að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

Frávik er fram komu í eftirliti þann 22. september sl. eru eftirfarandi:

1. **Gr. 3.5 í starfsleyfi.** Hraði útblásturslofts náði ekki viðmiðum starfsleyfis sem er 20 m/s (+/- 10%), en mæling hljóðaði upp á 17,6 m/s.
2. **Gr. 4.2 í starfsleyfi.** Botnþykkt og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti. Asfaltgeymir við stöð hefur ekki verið mældur frá því að hann kom nýr inn árið 2006.

Umhverfisstofnun hefur hvorki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á úrbótum. Stofnunin veitir Malbikunarstöð Akureyrarbæjar hér með áminningu og gerir kröfu um úrbætur vegna frávikanna, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 1. febrúar nk.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnareftirlit. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015 með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 65. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að


kærufrestur er einn mánuður frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is.

Áætlun og/eða gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Svava Pétursdóttir
lögfræðingur